

104 stjórnarfundur LSE (símafundur) haldinn 26. janúar 2016.

Mættir voru Jóhann Gísli Jóhannsson, Hraundís Guðmundsdóttir, Sighvatur Jón Þórarinsson, María E. Ingvadóttir, Agnes Þórunn Guðbergsdóttir og Hrönn Guðmundsdóttir.

Formaður bauð fundargesti velkomna og tekk svo til dagskrár

1. Frá síðast

- a. Fundur með ráðherra SIJ og BÍ 11 nóvember. Farið yfir fund sem formaður og framkvæmdastjóri LSE áttu með Sigurði Inga Jóhannssyni og aðstoðarmanni hans og fundar með formanni Bændasamtaka Íslands. Rætt var um nýja búnaðarlagasamninga möguleikann á að gerður verði búnaðarlagasamningu við LSE til tíu ára. Verið er að vinna að gerð saminganna og er stefnt að því að kalla öll aðildarfélögin til fundar með samninganefnd BÍ. Mikilvægt er að mynna á LSE og gæta þess að við höldumst inn í ferlinu.
- b. Fjárhagur LSE Hrönn fór yfir fjárhagsstöðu LSE og þeim möguleikum um fjármagn fyrir árið 2016. Sótt var um styrki af rekstrarliðum ráðuneytanna og til Framleiðnisjóðs, vonast er eftir jákvæðri afgreiðslu þessara styrkumsókna. Auk þess sem verið er að skoða fleiri möguleika.
- c. Tímavélin hans Jóns: Formaður og framkvæmdastjóra var boðið á ráðstefnu sem haldin var í tilefni 70 ára afmælis Jóns Loftssonar og þess að hann var að láta af störfum sem skógræktarstjóri nú um áramótin. Ráðstefnan var mjög fróðleg og skemmtileg og nálgast má erindin sem flutt voru á vef skógræktarinnar. Jóni voru færð tvö tré og góða kveðjur frá skógarbændum í lokahófi sem boðað var til.

2. Fundur með ráðherra umhverfismála Sigrúnu Magnúsdóttir og Líneyk Önnu Sævarsdóttir þingmanns: Formaður og framkvæmdastjóri LSE fóru á fund með SM og LÖS þar sem farið var yfir fjárhagsstöðu LSE og möguleika til fjármögnunar. Einnig var farið yfir stöðu verkefna sem LSE er að vinna að og hugmyndum að nýju verkefni, sem felur í sér að hvetja bændur að kolefnisjafna búskap sinn. Fyrir fund með ráðherra hittum við framkvæmdastjóra sauðfjárbænda og viðruðum hugmyndina við hann sem tók vel í hana. Það sem þarf að gera er að skoða hvað meðalþú er að losa af koltvíseringi út í andrúmsloftið og hvað þarf til að slíkt bú kolefnisjafni sig. Rætt hefur verið við Brynhildi Bjarnadóttir Lektor til HA um aðkomu að verkefninu. Verið er að skoða mögulegt samstarf LSE, LS og UAR um þetta verkefni. Töluverðar umræður sköpuðust um að allir þurfi að leggja sitt að mörkum í loftlagsmálum og skapa jákvæða ímynd. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu og leggja fyrir næsta stjórnarfund. Í framhaldi upplýsiti María að Landsbánni Íslands ætlaði að boða til fundar um loftlagsmál, ábyrgð og væntanlega kaupendur kolefnisjöfnunar. Fulltrúar LSE óska eftir sækja þann fund og ætlar María að áframsenda fundarboð á stjórnarmenn.

3. Fundur með nýjum skógræktarstjóra: Fulltrúar LSE áttu fund með nýjum skógræktarstjóra Þresti Eysteinsyni. Hann upplýsti að búið er að skipa starfshóp sem á að móta starfið og vinn að sameiningunni. Þröstur sagði að ferlið yrið opið og sent yrði reglulega út fréttir að ferlinu og skógarbændur fengju að fylgjast með. Fulltrúa LSE verður boðaður á fund þegar málefni skógarbænda eru í umræðunni. Einnig sagði Þröstur það koma til greina að vera í samvinnu við LSE um að ræða sameiningu á bændafundum. Rætt var um heimasíðuna www.skogarbondi.is sem er

samstarfsverkefni LSE og LHV. LSE þarf að taka síðuna yfir Þegar sameiningin er gengin í gegn og skoða þarf hvort hægt sé að einfalda hana og gera hagkvæmari í rekstri. Mikilvægt er að skógarbændur haldi sinni síðu og hún þarf að vera lifandi. Hugmynd að fá skógarbónda til að taka að sér umsjón síðunnar og uppfæra hana reglulega. Rætt var um möguleika þess að búa til stutt myndskaið með fræðslufni s.s gróðursetningu, jarðvinnslu og fl. og setja á heimasíðu Skógræktarinnar og LSE og mögulegu samvinnuverkefni um fjármögnun verkefnisins. Nýr skógræktarstjóri er að þrýta á aukið fjármagn til skógræktar og við þurfum að halda okkur við efnið á þeim málum líka. Komið var inn á útgáfu blaðs LSE Við skógareigendur. Erfitt hefur verið að fá auglýsingar í blaðið svo það standi undir prent og dreifingarkostnaði. Viðruð var sú hugmynd að Skógræktin styrkti útgáfu blaðsins og fengi ákveðið margar síður til að birta fréttir t.d af sameiningunni til að byrja með og greinaskrif og svo væri mögulegt að gera langtíma samning eftir sameiningu um skrif í blaðið og kostnaðarþátttöku. Einnig kom til umræðu hvort borgaði sig að stækka upplag blaðsins og dreifa því á öll lögbýli. Framkvæmdastjóra falið að kynna stjórn LSE og Skógræktinni tilboð sem fengist hefur vegna prentun blaðsins og dreifing. Rætt ar um jólatrjáræktun og rætt var um hvaða leiðir væru færar í þeim málum. Best væri að fáir góðir aðilar færu í markvissa jólatrjárækt en ekki hver sem er.

4. Við skógareigendur: Síðasta ritnefnd sem var á Norðurlandi skilað af sér síðasta blaði í nóvember 2015. Félag skógarbænda á Vestfjörðum skipar næstu ritnefnd og er formaður félagsins hvattur til að skipa sem fyrst í nefndina og láta framkvæmdstjóra vita. Auk ritnefndar félagsins sitja framkvæmdastjóri LSE og Björgvin Eggertsson frá LBHÍ í nefndinni. Ef hugmyndin um samstarf skógræktarinnar nær fram að ganga kemur ein fulltrúi þaðan.
5. Kynning á stöðu verkefnisins um afurðastöð á Austurlandi Jóhann fór yfir verkefnið og hvatti félögin að skoða nýútkoma skýrslu um afurðarstöð á Austurlandi og nýta það sem hægt er að nota úr henni í vinnu um afurðastöð á sínum svæðum.
6. Búnaðarþing verður 28 febrúar – 2 mars Jóhann Gísli er fulltrúi LSE. LSE stefnir að því að senda inn tillögu um kolefnisjöfnu búa. Framkvæmdastjóra falið að móta tillöguna og senda á stjórn.
7. Bréf sem hafa borist:
 - a. Bréf barst frá LHV um óska LHV um samráð um breytingar á töxtum að a kostnaðarviðmiðum verkefnanna. Lagt er til að hækkun taxta vegna 2016 verði í takt við breytingu á lauanvísitölu mars 2015-mars-2016. Samþykkt var að leggja bréfið fyrir formannafund sem haldinn verður í febrúar. Afgreiðsla bréfsins frestast fram yfir þann fund.
 - b. Bréf frá LHV er varðar sameiginlegan rekstur heimasíðunnar www.skogarbondi.is falli niður Þar sem liggur fyrir að landshlutaverkefnið verði hluta af nýrri stofnun sem tekur til starfa 1. Júlí 2016. Stjórn LSE samþykkir að fela framkvæmdastjóra að skoða hagræðingu í rekstri síðunnar og leggja fyrir næsta stjórnarfund.
8. Fagráðstefna skógargeirans: Fagráðstefna skógargerians verður haldin á Patreksfirði 16 og 17 mars næstkomandi. Nánari upplýsingar liggja ekki fyrir og er framkvæmdastjóra falið að senda á stjórn LSE dagskrá á kostnaðarupplýsinga um leið og þær berast.

9. Aðalfundur LSE 2016: Verður haldinn í Valaskjálfi á Egilsstöðum daga 7-9 október næstkomandi. Framkvæmdastjóra falið að setja inn á himasíðuna tilkynningu um fundinn og hvetja skógoarbændur að taka dagana frá.
10. Önnur mál. LSE hefur boðað árlega til formannafundar og stefnt er að næsti fundur verði 12. febrúar í Reykjavík. Framkvæmdastjóra falið að senda út fundarboð og kanna hvort dagsetningin henti.
Ekki fleyra gert og fundi slitið.